

Ár 2002, mánudaginn 28.10.02, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands og uppkveðinni dómur í kærumálinu nr. 3/2002

Handknattleiksdeild Stjórnunnar vegna framkvæmdar á leik Stjórnunnar og Hauka.

Málið dæmir Smári Hilmarsson.

Mál þetta er þingfest þann 28.10.02 og dómtekið sama dag.

Mál þetta var höfðað með bréfi sem dags. er 19.okt. 2002, og móttekin þann sama dag af HSÍ.

Skv. efni bréfsins kærir Stjarnan, handknattleiksdeild, framkvæmd leiks Stjórnunnar og Hauka sem fram fór föstudaginn 18. okt. 2002 í Ásgarði í Garðabæ, en bréfið barst skrifstofu HSÍ þann 19.10.02.

### **Niðurstaða:**

Skv. dómi Áfrýjunardómstóls HSÍ, í málinu nr. 1/2002, skal gera þær kröfur við málsmeðferð dómstóls HSÍ, að í öllum aðalatriðum sé farið eftir viðurkenndum meginreglum réttarfars.

Bréf Stjórnunnar handkn.deildar, dags 19.10.02, er svo verulega áfátt hvað varðar form og efni, að málið verði ekki tekið til dóms. Skjalið er ekki þingmerkt og ber ekki merki hvers efnis það sé þó geta megi þess til að um kærú sé að ræða. Þá er ekki vísað í neinar lagagreinar eða leikreglur til stuðnings dómkröfum.

Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi.

### **DÓMSORÐ:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

---

Smári Hilmarsson